

**1990 nr. 129 31. desember****Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**

Tóku gildi 14. janúar 1991. Breytt með: L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 115/2015 (tóku gildi 16. des. 2015). L. 85/2021 (tóku gildi 1. jan. 2022). L. 89/2021 (tóku gildi 8. júlí 2021).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **menningar- og viðskiptaráðherra** eða **menningar- og viðskiptaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. [Markmið, gildissvið og vinnsla persónuupplýsinga.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 89/2021, 9. gr.

**■ 1. gr.**

□ Markmið laga þessara er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem viðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknaþátt heyrnarlausra.

**■ 2. gr.**

□ Hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að annast:

- rannsóknir á íslensku táknaþátt,
- kennslu táknaþátt,
- táknaþáttstúlkun,
- aðra þjónustu.

□ Um skipan þjónustunnar skal kveðið á í reglugerð.<sup>1)</sup>

□ Stofnunin skal hafa samstarf við svæðisstjórnir um málafni [fatlaðs fólks],<sup>2)</sup> [Ráðgjafar- og greiningarstöð],<sup>3)</sup> Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeinaþstöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi málafni er snerta starfsemi þeirra. Sama gildir um samstarf við félög áhugamanna.

<sup>1)</sup> Rg. 1058/2003, sbr. 884/2004. <sup>2)</sup> L. 115/2015, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 85/2021, 15. gr.

**■ [2. gr. a.]**

□ Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er heimil vinnsla persónuupplýsinga að því marki sem nauðsynlegt er í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu, svo sem vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar vegna beiðna um táknaþáttstúlkun þjónustu, kennslu táknaþátt og máltöku barna og í þágu rannsókna á íslensku táknaþátt.

□ Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er heimil öflun og miðlun persónuupplýsinga þegar nauðsyn

krefur, þ.m.t. til og frá leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, félags- og skólaþjónustu sveitarfélaga, Ráðgjafar- og greiningarstöð, Heyrnar- og talmeinaþstöð Íslands, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og aðilum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

□ Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um vinnslu persónuupplýsinga í reglugerð samkvæmt þessu ákvæði.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 89/2021, 9. gr.

**II. kafli. Stjórnun.****■ 3. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara:

- einn fulltrúa tilnefndan af Félagi heyrnarlausra,
- einn fulltrúa tilnefndan af Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra,
- [tvo fulltrúa tilnefnda af [ráðherra er fer með málafni fatlaðs fólks],<sup>1)2)</sup>

[d.]<sup>2)</sup> skipar [ráðherra]<sup>1)</sup> einn fulltrúa án tilnefningar. Skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 149. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 7. gr.

**■ 4. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar forstöðumann til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 149. gr.

**■ 5. gr.**

□ [Forstöðumaður ræður annað starfsfólk.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 125. gr.

**■ 6. gr.**

□ Samskiptamiðstöð gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlun til allt að fimm ára. Stjórn stofnunarinnar staðfestir áætlunir og fylgist með framkvæmd þeirra. [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem samskiptamiðstöðin veitir.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 149. gr.

**■ 7. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.